

TRÚNAÐARMÁL.

Hugleiðingar vegna umræðu um framboð/ekki framboð til borgarstjórnarkosninga 1986.

Á félagsfundi Kvennaframboðsins í febrúar s.l. var mér og Guðrúnu Jónsdóttur falið að setja á blað einhverjar hugleiðingar um reynsluna af starfi innan borgarstjórnar sem innlegg í umræðuna um afstöðu Kvennaframboðsins til næstu borgarstjórnarkosninga. Við Guðrún settumst niður og ræddum þessi mál vítt og breitt einn eftirmiddag og má líta á þetta plagg sem afrakstur þeirrar umræðu.

Hagnýtar upplýsingar.

Í síðustu borgarstjórnarkosningum skiptust atkvæði milli flokka og framboða sem hér segir:

|                    |                     |               |
|--------------------|---------------------|---------------|
| Sjálfstæðisflokkur | 25.879 atkv.        | 51.6 %        |
| Alþýðubandalag     | 9.355 "             | 18.66%        |
| Kvennaframboð      | 5.387 "             | 10.74%        |
| Framsóknarflokkur  | 4.692 "             | 9.36%         |
| Alþýðuflokkur      | 3.949 "             | 7.88%         |
| Auðir seðlar       | 773                 | 1.54%         |
| Ogildir seðlar     | 105                 | 0.2 %         |
|                    | <u>50.140 atkv.</u> | <u>99.98%</u> |

Í dag eru borgarfulltrúar 21 talsins og eru fulltrúar Kvennaframboðsins nr. 6 og 16. Í næstu kosningum fækkar borgarfulltrúum í 15. Obreytt atkvæðatala flokka og samtaka í næstu kosningum þýðir að Kvennaframboðið fær 1 borgarfltr., Alþýðuflokkur 1, Framsóknarflokkur 1, Alþýðubandalag 3 og Sjálfstæðisflokkur 9, þ.e. núverandi minnihluti fær 6 borgarfltr. en meirihlutinn 9. Flest "dauð atkvæði" yrðu að öllu óbreyttu hjá okkur þar sem aðeins 181 atkvæði skilja að 9 manni Sjálfstæðisflokksins og 2. manni okkar.

Samhliða fækkun borgarfulltrúa á sér stað fækkun í nefndum og ráðum borgarinnar þar sem allar nefndir borgarinnar verða nú 5 manna nefndir auk þess sem nefndum fækkar eitthvað. Í dag eru þær nefndir sem einhverju máli skipta ca. 26 talsins, þar af eru 11 þeirra 7 manna nefndir. Nefnir borgarinnar eru að sjálfsögðu mun fleiri en við látum þær liggja á milli hluta sem ekki skipta neinu meginmáli (eru oft 3ja manna). Eftir breytingu verða nefndirnar ca. 24 og allar 5 manna. Við þetta fækkar fulltrúum "miðflokkaandalagsins" í nefndum um a.m.k. 13. Kvennaframboðið á nú fulltrúa í 14 nefndum af þeim 26 sem áður voru nefndar en ætti eftir kosningar aðeins 8.

NB! Þetta miðast allt við sama atkvæðafjölda og sömu atkvæðaskiptingu og í síðustu kosningum. Breytist ekkert þó við töpum einhverju fylgi en gæti breyst við fylgisaukningu.

#### Hvað er kvennaframboð?

Þegar litið er yfir farinn veg virðist manni sem allt frá upphafi hafi verið uppi tvær meginskoðanir á því hvað kvennaframboð sé, þ.e. hvert sé eðli þess og hlutverk. Þær eru:

- 1) Að kvennaframboð sé tímabundin aðgerð til að vekja athygli á og umræður um stöðu, viðhorf og baráttumál kvenna. Dæmi um þessa afstöðu er að finna í leiðara 1.tbl. "Kvennaframboðsins", þess blaðs sem gefið var út fyrir kosningar. Þar segir m.a.: "Það er auðvitað til skynsamt fólk sem sýnir Kvennaframboðinu andstöðu, en oftast er ekki hún byggð á misskilningi. Þetta fólk heldur að Kvennaframboðið sé ópólitískur óskapnaður sem eigi sér enga hugmyndafræði. Það heldur að á ferðinni sé enn ein flokksstofnunin og hrýs að sjálfsögðu hugur við því. Einmitt í þessum skilningi á eðli Kvennaframboðs er misskilningurinn fólgin. Kvennaframboðið er alls ekki flokkur heldur er það skipulögð pólítísk aðgerð kvenna. Það er mótmæli kvenna við því tillitsleysi sem þeim er sýnt í öllum valdastofnunum samfélagsins, þar sem ekkert mið er tekið af stöðu þeirra og reynsla þeirra og viðhorf forsmáð. ... Til þess að standa að þessari aðgerð höfum við stofnað með okkur samtök, - Samtök um kvennaframboð. Þessi samtök og sú aðgerð sem þau ætla að standa fyrir eru eitt þeirra forma sem kvennabaráttan tekur á sig. Við veljum það vegna þess að við teljum að hér sé staðurinn og nú sé stundin fyrir það, það sé í takt við tímann. Í þessu frumkvæði okkar felst hins vegar engin afneitun á öðrum samtökum og formum kvennabaráttunnar, þvert á móti. Við viljum styðja allar þær konur sem berjast heils hugar fyrir bættum hag kvenna og teljum okkur eiga samleið með þeim. Við megum ekki missa sjónar á því að málefnið lifir ofar þeim formum sem baráttan tekur á sig." Þessi afstaða til kvennaframboðs byggist á þeirri skoðun að það sé öðru fremur kvennahreyfing í ákv. aðgerð.
- 2) Að kvennaframboð sé pólítískur "flokkur" kvenna sem hefur það að markmiði að koma konum og baráttumálum þeirra að í valdakerfinu. Dæmi um þessa afstöðu er m.a. að finna í hugmyndafræðilegum grundvelli kvennaframboðs en þar segir:

"Eins og málum er nú háttað virðist það fullreynt að konur geti aukið vald sitt og athafnasvið í íslenskum stjórnmálum með því að fara hina hefðbundnu leið flokkakerfisins. ... Markmið kvennaframboðsins er að ónotaður viskuforði kvenna verði nýttur, að hinn sérstaki reynsluheimur þeirra verði gerður sýnilegur og metinn til jafns við viðhorf karla sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu. Þá fyrst geta konur og karlar unnið saman, að karlar viðurkenni og tileinki sér þennan reynsluheim, á sama hátt og konur tileikni sér það besta og lífvænlegasta af viðhorfum karla."

Svar hvernar og einnar við spurningunni "Hvað er kvennaframboð?" (á bæði við Kvennaframboð og Kvennalista) hlýtur að hafa nokkur áhrif á afstöðuna til áframhaldandi framboðs. Auðvitað geta bæði konur sem aðhyllast skoðun 1) og skoðun 2) verið fylgjandi áframhaldandi framboði og þá konur úr hópi 1) á þeirri forsendu að aðgerðinni sé alls ekki lokið. Hins vegar er mun líklegra að línur verði þannig að konur úr hópi 1) verði andsnúnar framboði og vilji að "kvennahreyfingin" snúi sér að öðrum verkefnum en konur úr hópi 2) verði fylgjandi framboði þar sem enn er langt í land með að markmið kvennaframboðsins nái fram að ganga. Það hlýtur líka að vera eðli pólitískra "flokka" að bjóða fram svo lengi sem stefnumál þeirra eru ekki í höfn og einhver vill kjósa þá.

Eg held að það sé mjög mikilvægt að hafa þennan skoðanamun í huga í þeirri umræðu sem á eftir að eiga sér stað um framboð/ekki framboð til næstu borgarstjórnarkosninga. Það gæti komið í veg fyrir að hlutirnir yrðu persónugerðir um of og umræðan þar með meira særandi en ástæða er til.

#### Hvað vinnst í kvennabaráttu í gegnum kvennaframboð?

- 1) Löggilding. "Kerfið" neyðist til að viðurkenna nýju kvennahreyfinguna sem opinbert afl en ekki sem einhvers konar skuggalega neðanjarðarhreyfingu. Gerir það að verkum að það verður mun auðveldara fyrir einstakar konur að styðja málstað kvennabaráttu en áður var. Ekki skammarlegt eða dæmi um erfitt einkalíf. Opinberlega, t.d. í fjölmiðlum, hefur þessi löggilding lítið beint áróðursgildi. Hún snýr meira að þingmálum og borgarmálum heldur en "kvennapólitík". Í 75% tilvika er í fjölmiðlum talað við borgarfulltrúa og þingkonur um annað en "kvennapólitík" (þó allt sé að sjálfsögðu kvennapólitík ef út í það er farið). Það er t.d. talað um hundahald, útvarpslög o.fl.

- 2) Aðgangur að upplýsingum og þekking á því hvernig megji nota þær. En hvernig höfum við svo komið þessum upplýsingum frá okkur? Hjá Kvennaframboðinu eru 14-15 konur "sérfræðingar" í jafnmörgum málaflokkum en aðeins 2-3 hafa gert eitthvað í því að koma upplýsingunum á framfæri við almenning t.d. í gegnum dagblöðin.
- 3) Akveðinn árangur bæði innan borgarkerfisins sem utan. Við höfum veitt meirihlutahum töluvert aðhald og haldið minnihlut-  
anum vakandi. Við mætum yfirleitt jákvæðum viðhorfum jafnt innan borgarkerfisins sem utan og þykjum hafa staðið okkur nokkuð vel í borgarmálunum. Í rauninni finnst manni oft að meira sé litið á okkur sem borgarmálaafli heldur en sem kvenna-  
pólitískt afli.

Í skjóli Kvennaframboðsins hefur ýmislegt gerst t.d. varð Kvennalistinn til, Vera, Samtök kvenna á vinnumarkaðinum o.fl.

Hvaða brotalamir hafa komið fram á "þingræðisleiðinni"?

- 1) Pólitíkin persónugerist í borgarfulltrúum og kannski enn frekar í þingkonum vegna starfshátta þingsins þ.e. þingkonur verða að sitja í þingnefndum. Þessir fulltrúar eru andlit samtakanna út á við hvort sem okkur líkar betur eða verr. Valddreifingin gengur ekki upp; gildir í orði en ekki á borði.
- 2) Innan skamms verðum við í hugum fólks orðnar partur af "kerfinu" sem við ætluðum að storka og andæfa. Við verðum í hópnum "það er sami rassinn undir þeim öllum".
- 3) Hið pólitíska bakland er horfið. Hin stóra kvennahreyfing sem við ætluðum að vera fulltrúar fyrir er ekki til staðar. Við erum pólitískri fulltrúar lítils hóps, það er hann sem leggur línuna.
- 4) Virðist almenn útbreidd skoðun meðal félaganna að borgarmál og þingmál séu leiðinleg mál. Flestar vilja í besta falli sinna sínum málaflokki en ekki eyða of miklum tíma í að ræða aðra. Í stað þess að horfast í augu við þessi leiðindi og taka á þeim láta konur sig hverfa ein af annarri.
- 5) Hugmyndafræðin óklár. Sá grunnur sem við höfum dugir ekki í pólitísku starfi og stefnumótun. Skapar öryggisleysi og hræðslu gagnvart "vinstri" og "hægri" stimplum. Þurfum góða greiningu á karlveldinu þannig að við þekkjum það og kunnum að bregðast við því þegar til þarf að taka (sbr. greiningu vinstri manna á auðvald-  
inu).

Framboð til næstu borgarstjórnarkosninga?

Það er nokkuð ljóst að við getum ekki boðið fram við óbreytt ástand. Það þjónar ekki öðrum tilgangi en þeim að gera nokkrar konur að "kerfisgíslum". Til að endurtekning á framboði geti átt sér stað þarf eftirfarandi að koma til:

- 1) Hugmyndafræðin þarf að verða klárari.
- 2) Það þarf að eiga sér stað ákv. endurnýjun á listanum.
- 3) Markmiðin með setu í borgarstjórn þurfa að verða ljósari þ.e. ætlum við fyrst og fremst að vera þar sem andófsafl og hafna þá öllu samstarfi við "karlaflokkana", eða ætlum við að reyna að ná ákveðnum málum fram eftir þeim leiðum sem færar eru t.d. með samstarfi við "karlaflokkana".

Það er sameiginleg skoðun okkar Guðrúnar að endurtekning á framboði þýddi í raun að við værum að taka "flokkskilgreininguna" fram yfir "aðgerðina" (sbr. það sem sagt var hér að framan) og að við værum að marka þá stefnu að taka þátt í borgarstjórn meðan kraftar okkar endast, einhver kærir sig um okkur og/eða gagnger breyting á stöðu kvenna hefur átt sér stað.

Ekkert framboð næsta vor myndi þýða miklar útskýringar af okkar hálfu því eflaust ættu margir kjósendur erfitt meða að kyngja því. Við yrðum að fara í mikla upplýsingaherferð og ef hún tækið vel þá held ég að við stæðum vel að vígi. Við yrðum að leggja áherslu á að við værum öðru fremur kvennahreyfing sem miðar allt sitt starf við það hvað er vænlegt til árangurs í kvennabaráttu en ekki borgarmálum. Auk þessa yrðum við að hefjast handa við að byggja upp kvennahreyfinguna og það gætum við t.d. gert með eftirfarandi hætti:

- 1) Komið upp raunverulegu kvennahúsi sem yrði hlutafélag baráttuglaðra kvenna innan sem utan flokka.
- 2) Aukið útgáfustarfsemina bæði í kringum Veru sem og bækur, bæklinga og tímarit.
- 3) Sett á laggirnar hópa sem hafa það að markmiði að skapa þrýsting á ýmsum vígstöðvum t.d. innan verkalyðshreyfingar, þings og flokka (sbr. Grænland).
- 4) Sinnt fræðslustarfi og stofnað Kvennaskóla. Þar væri hægt að kenna ýmis kvennafræði auk þess sem þar mætti uppfærða konur um kerfið og hvernig megi ráðast gegn því.

Ingibjörg Sólrun Gísladóttir.

(Apríl 1985)